Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

1. janúar til 31. mars 2021

Efnisyfirlit

	Blaðsíða
Helstu niðurstöður	1
Skýrsla bankaráðs og bankastjóra	2 - 3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2021	6
Heildarafkoma samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2021	6
Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. mars 2021	7
Eiginfjáryfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2021	8
Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2021	9 - 10
Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar	11 - 60

Helstu niðurstöður

Íslenska ánægjuvogin

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2019

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2020

Lánshæfismat

BBB með stöðugum horfum

S&P Global Ratings

Besti bankinn

EUROMONEY AWARDS FOR EXCELLENCE 2020

The Banker – Global Financial Intelligence Since 1926

UFS áhættumat

SUSTAINALYTICS

UFS áhættumatseinkunn er 13,5 (lítil áhætta).

Sjálfbær fjármálaumgjörð

Sjálfbær fjármálaumgjörð var gefin út í janúar 2021.

Hagnaður (tap)



31.3.2021 31.3.2020

Arðsemi eigin fjár



31.3.2021 31.3.2020

Rekstrartekjur samtals



31.3.2021 31.3.2020

Kostnaðarhlutfall (K/T)



31.3.2021 31.3.2020

Heildareignir



31.3.2021 31.12.2020

Eiginfjárhlutfall alls



31.3.2021 31.12.2020

Útlán og kröfur á viðskiptavini



31.3.2021 31.12.2020

Heildarlausafjárþekja (LCR)



31.3.2021 31.12.2020

Skýrsla bankaráðs og bankastjóra

Bankaráð og bankastjóri Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) leggja fram þessa skýrslu með könnuðum og samandregnum árshlutareikningi samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2021 sem hefur að geyma samstæðu bankans og dótturfélaga hans (hér eftir „samstæðan“).

Um bankann

Landsbankinn er leiðandi fjármálafyrirtæki hér á landi sem býður upp á alhliða fjármálaþjónustu sem fellur að þörfum viðskiptavina okkar, jafnt einstaklinga sem atvinnustarfsemi.

Landsbankinn kynnti í lok árs 2020 nýja stefnu undir heitinu Landsbanki nýrra tíma. Kjarni stefnunnar er gagnkvæmt traust og mannleg sýn á bankaviðskipti. Við setjum ánægju viðskiptavina í fyrsta sæti, leggjum áherslu á traustan rekstur og höldum áfram öflugri þróun stafrænna lausna. Við viljum einfalda fólki lífið með því að gera fjármálin aðgengilegri á sama tíma og við eflum ráðgjöf og fræðslu. Ánægja starfsfólks og árangursdrifin menning styrkir rekstur bankans og skapar tækifæri fyrir aukið frumkvæði.

Í þeim tilgangi að einfalda viðskiptavinum lífið, ásamt því að skapa aukin tækifæri til samvinnu innan bankans, hefur bankanum verið skipt upp í eftirfarandi svið: Einstaklingar, Fyrirtæki, Eignastýring og miðlun, Fjármál og rekstur, Áhættustýring og Upplýsingatækni. Þessi svið mynda sameiginlega starfsþætti bankans frá og með 1. janúar 2021 sem birtir eru í skýrslum í innri og ytri reikningsskilum samstæðunnar (sjá skýringu 5).

Rekstur tímabilsins

Hagnaður samstæðunnar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 nam 7.618 milljónum króna samanborið við 3.628 milljóna króna tap á sama tímabili árið áður. Virðisbreyting útlána var jákvæð um 2.489 milljónir króna á tímabilinu samanborið við neikvæða virðisbreytingu um 5.244 milljónir króna á sama tímabili árið áður. Viðsnúningurinn á virðisbreytingu útlána stafar af væntingum um efnahagsbata og minni vanefndum útlána en búist var við þegar óvissa vegna COVID-19 faraldursins var sem mest á miðju ári 2020. Hreinar vaxtatekjur námu 8.626 milljónum króna, samanborið við 9.427 milljónir króna á sama tímabili árið áður. Hreinn hagnaðar af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði hækkaði töluvert milli ára, fór úr tapi sem nam 2.625 milljónum króna árið áður yfir í hagnað að fjárhæð 2.371 milljónir króna. Hreinar þjónustutekjur námu 2.054 milljónum króna og laun og launatengd gjöld námu 3.769 milljónum króna, hvoru tveggja tiltölulega stöðugt milli ára.

Í lok tímabilsins nam eigið fé samstæðunnar 261.384 milljónum króna og heildareignir námu 1.600.952 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar, reiknað samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, var 24,9% í lok tímabilsins samanborið við 25,1% í byrjun ársins.

Þann 15. janúar 2021 birti alþjóðlega matsfyrirtækið S&P Global Ratings lánshæfismat fyrir sértryggð skuldabréf útgefin af Landsbankanum og fengu sértryggðu skuldabréfin lánshæfismatið A- með stöðugum horfum. Lánshæfismat sértryggðra skuldabréfa bankans er tveimur þrepum fyrir ofan lánshæfismat bankans sjálfs. Þetta er í fyrsta sinn sem alþjóðlegt matsfyrirtæki gefur út lánshæfiseinkunn fyrir sértryggð skuldabréf íslensks banka.

Þann 21. janúar 2021 gaf bankinn út sína fyrstu sjálfbæru fjármálaumgjörð sem eykur möguleika bankans á að fjármagna umhverfisvæn og félagsleg verkefni, s.s. orkuskipti, umhverfisvæna innviði og sjálfbæran sjávarútveg. Umgjörðin skilgreinir með skýrum hætti hvaða verkefni stuðla að sjálfbærni og tryggir gagnsæi en um 30% af útlánasafni bankans fellur nú þegar undir umgjörðina. Umgjörðin er vottuð af alþjóðlega matsfyrirtækinu Sustainalytics.

Þann 25. febrúar 2021 lauk bankinn við sína fyrstu útgáfu af grænum skuldabréfaflokki að fjárhæð 300 milljónir evra, eða jafnvirði 44.610 milljóna króna í lok fyrsta ársfjórðungs. Skuldabréfin bera 0,375% fasta vexti og voru seld á kjörum sem jafngilda 87 punkta álagi á miðgildi vaxtatilboða í vaxtaskiptasamningum í evrum á markaði. Skuldabréfin eru gefin út til rúmlega fjögurra ára og með lokagjalddaga í maí 2025. Útgáfan náði til breiðari fjárfestahóps en áður og þar á meðal eru sérhæfðir fjárfestar sem horfa sérstaklega til sjálfbærnimála. Skuldabréfin eru gefin út undir EMTN-útgáfuramma bankans með vísan í sjálfbæra fjármálaumgjörð bankans. Skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta í írsku kauphöllinni.

Áhættuþættir

Áhætta bankans breyttist óverulega á fyrsta ársfjórðungi 2021. Áframhaldandi óvissa ríkir um áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á lán bankans til fyrirtækja í ferðaþjónustu, en útlit er fyrir að neikvæð áhrif á aðra hluta lánasafnsins verði minni en áætlað var á fyrra ári. Bókfært virði útlána til viðskiptavina jókst um 1,1% á fyrsta ársfjórðungi, sem aðallega má rekja til aukningar á íbúðalánum til einstaklinga. Meðallíkur á vanefndum lækkuðu á fjórðungnum og voru 2,6% í lok hans, en voru 2,9% í lok árs 2020. Virðisrýrnunarsjóður útlána lækkaði á tímabilinu og námu jákvæð rekstraráhrif virðisbreytinga 2.499 milljónum króna. Lægra vænt útlánatap í áhættustigum 1 og 2, vegna batnandi hagstærða í sviðsmyndum bankans, ásamt minni vanefndum en reiknað var með eru helstu ástæður fyrir lækkun á virðisrýrnunarsjóði. Við lok fyrsta ársfjórðungs nam bruttóvirði útlána með virk greiðslufrestunarúrræði tæpum 97 milljörðum króna, þar af 75 milljörðum króna til fyrirtækja í ferðaþjónustu. Nánar er fjallað um greiðslufrestunarúrræðin í skýringu 4 í árshlutareikningnum.

Lausafjárstaða bankans er áfram sterk og styrktist á fyrsta ársfjórðungi 2021. Þannig var hlutfall heildarlausafjárþekju í lok fyrsta ársfjórðungs 202%, 120% í krónum og 477% í erlendum myntum. Þá er markaðsáhætta áfram hófleg og vel innan áhættuvilja bankans.

Enn ríkir nokkur óvissa um endanleg áhrif COVID-19 á eignir og rekstur bankans þar sem enn eru við lýði takmarkanir vegna faraldursins sem hafa neikvæð áhrif á efnahagslífið. Það er mat okkar að sú óvissa muni ekki hafa áhrif á forsendur um rekstrarhæfi bankans þar sem eiginfjárstaða, lausafjárstaða og rekstur bankans eru traust og stöðug.

Nánari upplýsingar um áhættustjórnun samstæðunnar koma fram í skýringum við ársreikning samstæðunnar og Pillar III áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2020, ásamt Pillar III viðauka fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2021, sem eru aðgengileg á heimasíðu bankans, www.landsbankinn.is.

Skýrsla bankaráðs og bankastjóra

Efnahagshorfur

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar dróst landsframleiðslan saman um 6,6% á síðasta ári. Þetta er næstmesti samdráttur sem mælst hefur frá því að skráning hófst og stafar hann að mestu leyti af sögulegum samdrætti í útflutningi á árinu vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Aukinn kraftur hefur færst í bólusetningarherferðina gegn kórónuveirunni á síðustu mánuðum, bæði hér innanlands og í helstu viðskiptalöndum. Útlit er fyrir að síðsumars megi reikna með kröftugum viðsnúningi í efnahagslífinu samhliða því sem faraldurinn gengur niður og landið opnast að nýju fyrir ferðamönnum. Skráð atvinnuleysi var 12,8% í janúar en lækkaði í 12,1% í mars.

Verðbólga jókst nokkuð á fyrsta ársfjórðungi og var 4,2% að meðaltali á fjórðungnum. Útlit er fyrir að verðbólgan hjaðni eftir því sem líður á árið og áhrif gengisveikingar krónunnar á síðasta ári fjara út.

Annað

Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 24. mars 2021, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna ársins 2020 sem nemur 0,19 krónum á hlut. Fjárhæð arðgreiðslunnar miðað við útistandandi hluti nemur 4.489 milljónum króna, sem samsvarar um 43% af hagnaði ársins 2020 (og er 16% af samanlögðum hagnaði samstæðunnar á árunum 2019 og 2020). Arðgreiðslan er í samræmi við þau hámarksviðmið sem fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands setti fram þann 13. janúar 2021. Arðurinn var greiddur út til hluthafa þann 31. mars 2021.

Áritun og yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2021 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna þar að lútandi.

Það er álit okkar að samandreginn árshlutareikningur Landsbankans hf. gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021; af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. mars 2021 og af breytingum á handbæru fé á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021.

Það er enn fremur álit okkar að samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar lýsi megin áhættum og óvissuþáttum sem að samstæðunni steðja.

Bankaráð og bankastjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2021 með áritun sinni.

Reykjavík, 6. maí 2021

Bankaráð

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður
Berglind Svavarsdóttir, varaformaður
Elín H. Jónsdóttir
Guðbrandur Sigurðsson
Guðrún Ó. Blöndal
Helgi F. Arnarsson
Þorvaldur Jacobsen

Bankastjóri

Lilja Björk Einarsdóttir

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til bankaráðs og hluthafa Landsbankans hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Landsbankans hf. (hér eftir árshlutareikning) fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu bankaráðs og bankastjóra, rekstrarreikning, heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar. Bankaráð og bankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 6. maí 2021

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Atli Þór Jóhannsson
löggiltur endurskoðandi

Þessi síða er vísvitandi höfð auð.

Rekstrarreikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2021

Skýringar		2021 1.1-31.3	2020 1.1-31.3
	Vaxtatekjur	14.332	16.416
	Vaxtagjöld	(5.706)	(6.989)
6	**Hreinar vaxtatekjur**	**8.626**	**9.427**
	Þjónustutekjur	2.875	2.773
	Þjónustugjöld	(821)	(828)
7	**Hreinar þjónustutekjur**	**2.054**	**1.945**
8	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	2.371	(2.625)
9	Hreinn gengismunur gjaldmiðla	(27)	85
10	Hrein virðisbreyting	2.489	(5.244)
11	Aðrar tekjur og (gjöld)	246	(188)
	Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	**5.079**	**(7.972)**
	Rekstrartekjur samtals	**15.759**	**3.400**
12	Laun og launatengd gjöld	(3.769)	(3.844)
13	Annar rekstrarkostnaður	(2.315)	(2.430)
	Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(467)	(450)
	Rekstrargjöld samtals	**(6.551)**	**(6.724)**
	Hagnaður (tap) fyrir skatta	**9.208**	**(3.324)**
14	Tekjuskattur	(1.590)	(304)
	Hagnaður (tap) tímabilsins	**7.618**	**(3.628)**
	Hagnaður (tap) tímabilsins tilheyrir:		
	Hluthöfum bankans	7.618	(3.628)
	Hlutdeild minnihluta	0	0
	Hagnaður (tap) tímabilsins	**7.618**	**(3.628)**
	Hagnaður (tap) á hlut		
34	Grunnhagnaður (-tap) og þynntur hagnaður (-tap) á hlut (krónur)	**0,32**	**(0,15)**

Heildarafkoma samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2021

Skýringar		2021 1.1-31.3	2020 1.1-31.3
	Hagnaður (tap) tímabilsins	7.618	(3.628)
	Önnur heildarafkoma tímabilsins eftir skatta	0	0
	Hagnaður (tap) tímabilsins	**7.618**	**(3.628)**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. mars 2021

Skýringar		31.3.2021	31.12.2020
	Eignir		
19, 55	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	59.937	67.604
20	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	134.183	119.330
21	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	31.811	26.808
22	Afleiðusamningar	1.534	3.303
23, 55	Útlán og kröfur á lánastofnanir	55.234	48.073
24, 55	Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.287.448	1.273.426
	Fjárfesting í hlutdeildarfélögum	1.806	1.722
	Rekstrarfjármunir	10.232	9.327
	Óefnislegar eignir	1.837	1.696
30	Skatteign	0	23
25	Aðrar eignir	15.504	11.227
26	Eignir í sölumeðferð	1.426	1.638
	Eignir samtals	**1.600.952**	**1.564.177**
	Skuldir		
27	Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	40.932	48.725
28	Innlán frá viðskiptavinum	794.252	793.427
22	Afleiðusamningar og skortstöður	5.485	4.248
29, 55	Lántaka	452.709	420.178
30	Skattskuldir	3.628	3.919
31	Aðrar skuldir	21.682	14.029
26	Skuldir vegna eigna í sölumeðferð	30	30
32	Víkjandi lántaka	20.850	21.366
	Skuldir samtals	**1.339.568**	**1.305.922**
33	**Eigið fé**		
	Hlutafé	23.625	23.625
	Yfirverðsreikningur hlutafjár	120.630	120.630
	Varasjóðir	21.572	19.250
	Óráðstafað eigið fé	95.557	94.750
	Eigið fé samtals	**261.384**	**258.255**
	Skuldir og eigið fé samtals	**1.600.952**	**1.564.177**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2021

Skýringar

		Hluthafar bankans								
				Varasjóðir*						
	Breytingar á eigin fé á reikningstímabilinu 1. janúar til 31. mars 2021	**Hlutafé**	**Yfirverðs-reikningur hlutafjár**	**Lögbundinn**	**Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélaga umfram greiddan arð**	**Gangvirðisbreytingar fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning**	**Óráðstafað eigið fé**	**Samtals**	**Hlutdeild minnihluta**	**Samtals**
	Eigið fé 1. janúar 2021	23.625	120.630	6.000	3.659	9.591	94.750	258.255		258.255
	Hagnaður tímabilsins						7.618	7.618		7.618
	Flutt á bundið óráðstafað eigið fé				338	1.984	(2.322)	0		0
	Úthlutaður arður						(4.489)	(4.489)		(4.489)
33	**Eigið fé 31. mars 2021**	**23.625**	**120.630**	**6.000**	**3.997**	**11.575**	**95.557**	**261.384**	**0**	**261.384**
	Breytingar á eigin fé á reikningstímabilinu 1. janúar til 31. mars 2020									
	Eigið fé 1. janúar 2020	23.625	120.630	6.000	2.709	5.625	89.145	247.734		247.734
	Tap tímabilsins						(3.628)	(3.628)		(3.628)
	Flutt á (af) bundnu óráðstöfuðu eigið fé				109	(1.779)	1.670	0		0
33	**Eigið fé 31. mars 2020**	**23.625**	**120.630**	**6.000**	**2.818**	**3.846**	**87.187**	**244.106**	**0**	**244.106**

*Í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og lög um ársreikninga nr. 3/2006

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2021

Skýringar		2021 1.1-31.3	2020 1.1-31.3
	Rekstrarhreyfingar		
	Hagnaður (tap) tímabilsins	7.618	(3.628)
	Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	(11.884)	2.097
	Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(45.070)	7.042
	Innheimtar vaxtatekjur	12.690	16.316
	Greidd vaxtagjöld	(2.291)	(2.699)
	Fenginn arður	21	31
	Greiddur tekjuskattur og sérstakur fjársýsluskattur fjármálafyrirtækja	(2.326)	(1.795)
	Handbært fé frá (til) rekstrar	**(41.242)**	**17.364**
	Fjárfestingahreyfingar		
	Keyptir rekstrarfjármunir	(1.017)	(594)
	Seldir rekstrarfjármunir	21	-
	Keyptar óefnislegar eignir	(211)	(12)
	Fjárfestingahreyfingar	**(1.207)**	**(606)**
	Fjármögnunarhreyfingar		
	Lántaka	71.773	53.356
	Endurgreiðsla á lántöku	(30.533)	(45.198)
	Greidd húsaleiga	(158)	(141)
	Greiddur arður	(4.489)	-
	Fjármögnunarhreyfingar	**36.593**	**8.017**
	Handbært fé í upphafi tímabilsins	69.091	70.704
	Breyting á handbæru fé	(5.856)	24.775
	Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	584	(2.683)
	Handbært fé í lok tímabilsins	**63.819**	**92.796**
	Handbært fé sundurliðað		
19	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	59.937	92.440
23	Innstæður hjá lánastofnunum	19.025	18.537
19	Almenn og sértæk bindiskylda við Seðlabanka	(15.143)	(18.181)
	Handbært fé í lok tímabilsins	**63.819**	**92.796**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2021

Skýringar		2021 1.1-31.3	2020 1.1-31.3
	Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi		
6	Hreinar vaxtatekjur	(8.626)	(9.427)
8	Hreinn (hagnaður) tap af fjáreignum og fjárskuldum metnum á gangvirði	(2.371)	2.625
9	Hreinn gengismunur gjaldmiðla	(557)	2.598
10	Virðisbreyting útlána, krafna, ábyrgða og annarra eigna	(2.489)	5.244
	Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	(14)	-
	(Hagnaður) tap af sölu fullnustueigna	(115)	40
	Afskriftir	315	320
	Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga með hlutdeildaraðferð	(84)	(57)
	Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	467	450
14	Tekjuskattur	1.590	304
		(11.884)	**2.097**
	Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
	Breytingar á bindiskyldu við Seðlabanka	(1.489)	7.378
	Breytingar á markaðsskuldabréfum og hlutabréfum	(19.264)	12.539
	Breytingar á afleiðum	-	35
	Breytingar á útlánum og kröfum á lánastofnanir	(4.790)	(23.294)
	Breytingar á útlánum og kröfum á viðskiptavini	(19.043)	(24.334)
	Breytingar á öðrum eignum	(3.757)	(4.941)
	Breytingar á eignum í sölumeðferð	327	(275)
	Breytingar á skuldum við lánastofnanir og Seðlabanka	(7.939)	(6.867)
	Breytingar á innlánum frá viðskiptavinum	2.252	28.434
	Breytingar á tekjuskattskuldbindingu	27	20
	Breytingar á öðrum skuldum	8.606	18.347
		(45.070)	**7.042**

Breyting á skuldum vegna fjármögnunarhreyfinga

		Hreyfingar sem hafa ekki áhrif á greiðsluflæði			
	1.1.2021	Greiðslu-flæði	Áfallnir vextir	Gengis-munur	Gangvirðis-breyting	31.3.2021
Veðtryggð skuldabréf	189.360	12.325	2.550	-	-	204.235
Óveðtryggð skuldabréf	116.196	28.250	536	(6.203)	-	138.779
Óveðtryggð skuldabréf í áhættuvarnarsambandi	95.468	(99)	100	(4.429)	(589)	90.451
Önnur óveðtryggð lántaka	19.154	93	77	(80)	-	19.244
Víkjandi lán	21.366	-	217	(733)	-	20.850
Samtals	**441.544**	**40.569**	**3.480**	**(11.445)**	**(589)**	**473.559**

		Hreyfingar sem hafa ekki áhrif á greiðsluflæði			
	1.1.2020	Greiðslu-flæði	Áfallnir vextir	Gengis-munur	Gangvirðis-breyting	31.3.2020
Veðtryggð skuldabréf	140.549	12.393	1.562	-	-	154.504
Óveðtryggð skuldabréf	122.705	(1.148)	(499)	13.933	-	134.991
Óveðtryggð skuldabréf í áhættuvarnarsambandi	86.813	(996)	1.034	12.747	(140)	99.458
Víxlaútgáfa	3.605	(2.841)	30	-	-	794
Önnur óveðtryggð lántaka	19.496	(167)	202	3.313	-	22.844
Víkjandi lán	19.081	-	256	2.042	-	21.379
Samtals	**392.249**	**7.241**	**2.585**	**32.035**	**(140)**	**433.970**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

Skýring		Blaðsíða
Almennt		
1	Upplýsingar um félagið og samstæðuna	12
2	Grundvöllur reikningsskilanna	12
3	Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir	12
4	Áhrif COVID-19 á reikningsskilin	12-14
5	Starfsþættir	15-16
Skýringar við rekstrarreikning		
6	Hreinar vaxtatekjur	17
7	Hreinar þjónustutekjur	17
8	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	17
9	Hreinn gengismunur gjaldmiðla	18
10	Hrein virðisbreyting	18
11	Aðrar tekjur og (gjöld)	18
12	Laun og launatengd gjöld	18
13	Annar rekstrarkostnaður	19
14	Tekjuskattur	19
Skýringar við efnahagsreikning		
15	Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda	20-21
16	Gangvirði fjáreigna og fjárskulda	22
17	Ógreinanlegar forsendur í gangvirðismati	22-23
18	Vænt útlánatap	23
19	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	24
20	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	24
21	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	24
22	Afleiðusamningar og skortstöður	25-26
23	Útlán og kröfur á lánastofnanir	26
24	Útlán og kröfur á viðskiptavini	27
25	Aðrar eignir	27
26	Eignir og skuldir vegna eigna í sölumeðferð	27
27	Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	28
28	Innlán frá viðskiptavinum	28
29	Lántaka	28-29
30	Skatteign og skattskuld	29-30
31	Aðrar skuldir	30
32	Víkjandi lántaka	30
33	Eigið fé	31

Skýring		Blaðsíða
Aðrar skýringar		
34	Hagnaður á hlut	32
35	Málaferli	32-33
36	Hlutdeild í dótturfélögum	33
37	Viðskipti við tengda aðila	33-34
38	Atburðir eftir reikningsskiladag	34
Eiginfjárstýring		
39	Eiginfjárkröfur	35
40	Eiginfjárgrunnur, áhættugrunnur og eiginfjárhlutföll	36
41	Vogunarhlutfall	36
Áhættustýring		
	Útlánaáhætta	
42	Hámarks útlánaáhætta og skipting eftir atvinnugreinum	37-38
43	Tryggingar og veðhlutföll	39-40
44	Tegundir trygginga	41
45	Gæði útlána og krafna	42
46	Útlán og kröfur eftir stöðu vanskila	43
47	Útlán og kröfur eftir flokkun í áhættustig	44-45
48	Virðisrýrnun útlána og krafna	46-47
49	Stórar áhættuskuldbindingar	47
50	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	48
51	Jöfnun fjáreigna og fjárskulda	48-49
	Lausafjáráhætta	
52	Stýring lausafjáráhættu	49-50
53	Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda	50-52
54	Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda eftir myntum	53
55	Veðsettar eignir	54
	Markaðsáhætta	
56	Stýring markaðsáhættu	54
57	Hlutabréfaáhætta	54
58	Vaxtaáhætta	55
59	Verðtryggingaráhætta (öll söfn)	56
	Gjaldeyrisáhætta	
60	Gjaldeyrisáhætta (öll söfn)	57
61	Samþjöppun gjaldeyrisáhættu	57
62	Gengi erlendra gjaldmiðla	58
Lykiltölur samstæðunnar		
63	Rekstur eftir ársfjórðungum	59
64	Lykiltölur og hlutföll	60

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

Almennt

1. Upplýsingar um félagið og samstæðuna

Landsbankinn hf. (hér eftir „bankinn“ eða „Landsbankinn“) var stofnaður 7. október 2008. Bankinn er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Bankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur eftirlit með bankanum á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skráð aðsetur bankans er Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Samstæðuárshlutareikningur bankans fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 tekur til bankans og dótturfélaga hans (saman nefnd „samstæðan“ og hvert fyrir sig „samstæðufélag“). Meginstarfsemi samstæðunnar er á sviði fyrirtækja- og viðskiptabankastarfsemi, markaðsviðskipta, eignastýringar og annarrar tengdrar þjónustu. Samstæðan er eingöngu með starfsemi á Íslandi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðalinn IAS 34 „Árshlutareikningsskil“, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur af bankaráði og bankastjóra þann 6. maí 2021.

Árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki jafn ítarlegar upplýsingar og ársreikningur og skal lesinn í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir reikningsárið 2020 sem nálgast má á heimasíðu bankans, www.landsbankinn.is.

Rekstrarhæfi

Stjórnendur bankans hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi samstæðunnar og hafa eðlilegar væntingar um að samstæðan hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Árshlutareikningur samstæðunnar er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Starfrækslugjaldmiðill bankans og félaga innan samstæðunnar er íslensk króna (ISK). Allar fjárhæðir eru birtar í íslenskum krónum, námundað að næstu milljón, nema annað komi fram.

Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings samstæðunnar krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda í árshlutareikningnum. Endanlegar niðurstöður kunna hins vegar að vera frábrugðnar þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Reikningsskilaaðferðum, sem settar eru fram í árshlutareikningi samstæðunnar, hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir sambærileg viðskipti og önnur atvik við líkar aðstæður. Reikningsskilaaðferðirnar eru þær sömu og beitt er í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2020.

4. Áhrif COVID-19 á reikningsskilin

Árshlutareikningur samstæðunnar fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2021 endurspeglar fordæmalausar aðstæður í kjölfar COVID-19-heimsfaraldursins og þá efnahagslegu óvissu sem af honum hefur hlotist.

Mat á væntu útlánatapi

Mat á væntu útlánatapi í lok fyrsta ársfjórðungs 2021 byggist á mismunandi sviðsmyndum hagspáa Hagfræðideildar bankans, sem allar eru líkindavegnar. Líkindavegnar sviðsmyndir endurspegla bæði jákvæða og neikvæða óvissuþætti varðandi efnahagsþróunina.

Þó enn ríki óvissa um endanleg áhrif heimsfaraldursins á lánasafn bankans eru líkur á að langvarandi tekjusamdráttur muni leiða til erfiðleika hjá viðskiptavinum, sem margir hverjir hafa þegar verið lækkaðir í lánshæfi hjá bankanum og verðmæti tryggingа þeirra endurmetið í ljósi breyttra aðstæðna. Sem viðbrögð við áhrifum COVID-19 hefur bankinn veitt fyrirtækjum og einstaklingum almenn úrræði í formi greiðslufrestana og síðar meir sértæk úrræði með frekari frestun greiðslna fyrir viðskiptavini sem á þurfa að halda og falla undir skuldaívilnanir. Skilgreining á greiðslufrestunum og ívilnunum tekur mið af leiðbeiningum EBA. Virk úrræði á reikningsskiladegi, þ.e. viðskiptavinir sem eru ennþá í greiðsluhléi, falla undir sértæk úrræði og um leið skuldaívilnanir þar sem almenn úrræði sem bankinn bauð upp á runnu út á árinu 2020.

4. Áhrif COVID-19 á reikningsskilin (framhald)

Mat á væntu útlánatapi (framhald)

Á fyrsta ársfjórðungi var framkvæmt handvirkt mat á öllum einstökum mikilvægum útlánum til fyrirtækja sem eru með virk úrræði vegna COVID-19 og þau færð í viðeigandi áhættustig. Veiting sértækra úrræða er ekki ein og sér talin næg ástæða til flutnings í áhættustig 3, en þau lán teljast öll hafa fengið skuldaívilnun. Að auki leggur bankinn sérstakt mat á flokkun lána til viðskiptavina í ferðaþjónustu og viðskiptavina sem hafa fengið sértæk úrræði og eru enn í greiðsluhléi í lok fyrsta ársfjórðungs. Þessi lán eru síðan færð í áhættustig 2 að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þessi sérstaka flokkun færir útlán að virði 4,2 ma.kr. í áhættustig 2 í lok fyrsta ársfjórðungs. Þá hefur bankinn metið þörf á safnframlagi fyrir framangreind lán og færir 1.495 m.kr. í virðisrýrnunarsjóð vegna útlána til ferðaþjónustu, 146 m.kr. vegna útlána til annarra fyrirtækja og 171 m.kr. vegna útlána til einstaklinga.

Hámarksútlánaáhætta viðskiptavina með sértæk úrræði vegna COVID-19

Bankinn hefur brugðist við áhrifum af COVID-19 með veitingu úrræða fyrir viðskiptavini sem hafa þurft á því að halda. Fyrst voru veitt almenn úrræði, sem voru hluti af samkomulagi íslensku bankanna og annarra lánveitenda, og síðan fengu viðskiptavinir sem áttu í meiri erfiðleikum kost á því að fá sértæk úrræði sem felast í frekari frestun greiðslna. Þessu til viðbótar hefur lítill hluti viðskiptavina fengið lán með ríkisábyrgð.

Stjórnvöld hafa gripið til fjölda efnahagsúrræða sem nýtast heimilum og fyrirtækjum með beinum hætti. Aðgerðirnar beinast m.a. að því að draga úr atvinnuleysi og áhrifum tekjumissis einstaklinga með greiðslu hlutabóta til að bæta upp launalækkun vegna skerts starfshlutfalls. Fyrirtækjum sem orðið hafa fyrir tekjufalli er boðið upp á tekjufallsstyrki en með þeim er um leið tryggð aðstoð til að halda starfsfólki í hlutastarfi. Þá geta fyrirtæki sótt um stuðnings- og viðbótarlán hjá lánastofnunum með ábyrgð ríkisins. Þar að auki hefur fyrirtækjum, sem skylt var að láta af starfsemi, verið veittir sérstakir lokunarstyrkir. Fyrirtæki geta mögulega leitað greiðsluskjóls í allt að ár vegna fjárhagslegra erfiðleika í kjölfar faraldursins. Síðast en ekki síst bjóðast viðspyrnustyrkir sem ætlað er að tryggja að fyrirtæki geti viðhaldið nauðsynlegri lágmarksstarfsemi á meðan áhrifa faraldursins gætir, varðveitt viðskiptasambönd og tryggt viðbúnað þegar úr rætist. Öll þessi efnahagsúrræði stjórnvalda eru háð mismunandi skilyrðum.

Eftirfarandi tafla sýnir útlánaáhættu bankans þann 31.mars 2021 og 31. desember 2020 vegna viðskiptavina með sértæk úrræði til lengri tíma eða fram til síðari hluta ársins 2021 í kjölfar áframhaldandi erfiðleika af völdum COVID-19 og falla undir skuldaívilnanir. Úrræðin felast í frestun á greiðslum afborgana af höfuðstól og vaxta eða einungis frestun á greiðslum afborgana af höfuðstól. Á fyrsta ársfjórðungi varð lítil aukning á útlánum í áhættustigi 3 en meiri aukning varð hins vegar á útlánum í áhættustigi 2 vegna einstaklinga og fyrirtækja sem fengu sértæk úrræði.

31. mars 2021	Bókfært virði brúttó					
Útlánaáhætta í efnahagsreikningi	Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	Virðisrýrnunar-sjóður	Gangvirði	Bókfært virði
Einstaklingar	3	3.457	211	(154)	-	3.517
Ferðaþjónusta	9.584	63.314	7.842	(5.777)	-	74.963
Önnur fyrirtæki	116	17.023	1.290	(825)	738	18.342
Samtals	**9.703**	**83.794**	**9.343**	**(6.756)**	**738**	**96.822**

Útlánaáhætta utan efnahags	Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	Virðisrýrnunar-sjóður	Gangvirði	Samtals
Einstaklingar	-	58	1	-	-	59
Ferðaþjónusta	449	11.292	104	(154)	-	11.691
Önnur fyrirtæki	-	388	13	(1)	-	400
Samtals	**449**	**11.738**	**118**	**(155)**	**0**	**12.150**
Hámarksútlánaáhætta	**10.152**	**95.532**	**9.461**	**(6.911)**	**738**	**108.972**

31. desember 2020	Bókfært virði brúttó					
Útlánaáhætta í efnahagsreikningi	Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	Virðisrýrnunar-sjóður	Gangvirði	Bókfært virði
Einstaklingar	-	1.155	39	(75)	-	1.119
Ferðaþjónusta	16.916	48.803	7.345	(5.452)	26	67.638
Önnur fyrirtæki	98	11.868	1.524	(687)	729	13.532
Samtals	**17.014**	**61.826**	**8.908**	**(6.214)**	**755**	**82.289**

Útlánaáhætta utan efnahags	Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	Virðisrýrnunar-sjóður	Gangvirði	Samtals
Einstaklingar	-	25	1	-	-	26
Ferðaþjónusta	118	11.282	596	(98)	-	11.898
Önnur fyrirtæki	-	352	18	(10)	-	360
Samtals	**118**	**11.659**	**615**	**(108)**	**0**	**12.284**
Hámarksútlánaáhætta	**17.132**	**73.485**	**9.523**	**(6.322)**	**755**	**94.573**

Bankinn hefur veitt viðskiptavinum stuðnings- og viðbótarlán með ábyrgð ríkisins. Tilgangurinn með stuðnings- og viðbótarlánum er að liðka fyrir aðgangi fyrirtækja að lausafé, einkum smárra og meðalstórra fyrirtækja, sem standa frammi fyrir tímabundnum rekstrarvanda vegna COVID-19. Þannig verði dregið úr áhrifum faraldursins á atvinnulíf og atvinnustig. Ríkisábyrgðin getur numið allt að 70% á viðbótarlánum, 100% á stuðningslánum að fjárhæð allt að 10 milljónir króna og 85% á stuðningslánum að fjárhæð 10 til 40 milljónir króna.

4. Áhrif COVID-19 á reikningsskilin (framhald)

Þann 31. mars 2021 hefur bankinn veitt stuðnings- og viðbótarlán með ríkisábyrgð til tæplega 300 viðskiptavina og nemur bókfært brúttó virði þeirra lána 3,6 ma.kr (31.desember 2020: 3,5 ma.kr). Því til viðbótar hefur bankinn veitt lánalínu að fjárhæð 7,6 ma.kr. (31.desember 2020: 7,6 ma.kr) með 90% ábyrgð ríkisins, en lánalínan er óádregin í lok fyrsta ársfjórðungs 2021.

Hagspár

Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir og kynnir þær fyrir matsteymi bankans.

Eftirfarandi tafla sýnir ákveðnar lykil hagstærðir líkansins sem notaðar eru við útreikning á framlagi vegna vænts útlánataps fyrir áhættustig 1 og 2. Á reikningsskiladegi gerir grunnspá Hagfræðideildar Landsbankans ráð fyrir 3,3% vexti í vergri landsframleiðslu (VLF) á þessu ári. Spárnar fyrir jákvæða sviðsmynd, grunnsviðsmynd og neikvæða sviðsmynd sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem er til meðallangs tíma. Jákvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 25%, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 50% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 25%.

	Jákvæð sviðsmynd		Grunnsviðsmynd		Neikvæð sviðsmynd	
31. mars 2021	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann
Hagvöxtur	9,1%	6,5%	6,8%	4,3%	4,3%	1,9%
Atvinnuleysi	5,7%	3,9%	7,1%	5,2%	10,1%	7,2%
Stýrivextir	1,4%	3,1%	1,1%	1,9%	0,3%	0,6%
Verðbólga	3,4%	3,2%	3,2%	2,6%	3,4%	2,0%
Gengi Evru	149,7	144,1	151,8	147,4	167,8	158,1
Vísitala íbúðarverðs (breyting milli ára)	9,0%	6,1%	7,3%	4,1%	5,3%	1,3%

	Jákvæð sviðsmynd		Grunnsviðsmynd		Neikvæð sviðsmynd	
31. desember 2020	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann	Næstu 12 mánuði	Síðan út spátímann
Hagvöxtur	5,5%	7,6%	3,3%	5,0%	0,9%	2,6%
Atvinnuleysi	7,1%	4,1%	8,4%	5,3%	10,9%	7,5%
Stýrivextir	1,1%	2,9%	0,9%	1,8%	0,3%	0,6%
Verðbólga	3,3%	3,2%	3,3%	2,6%	3,5%	2,1%
Gengi Evru	149,9	144,1	155,0	151,1	167,8	158,1
Vísitala íbúðarverðs (breyting milli ára)	10,9%	5,5%	9,1%	3,4%	5,3%	1,3%

	1.1-31.3.2021			2020		
	Jákvæð sviðsmynd	Grunn-sviðsmynd	Neikvæð sviðsmynd	Jákvæð sviðsmynd	Grunn-sviðsmynd	Neikvæð sviðsmynd
Framlag vegna virðisrýrnunar útlána (áhættustig 1 og áhættustig 2)	7.846	8.589	9.852	9.922	10.912	13.035
Hlutfall útlána í áhættustigi 2	10,3%	10,4%	10,7%	10,8%	11,0%	11,4%

	Fært í reikningsskilum skv. IFRS 9	
	2021 1.1-31.3	2020
Framlag vegna virðisrýrnunar (áhættustig 1 og áhættustig 2)	8.719	11.196

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

5. Starfsþættir

Niðurstöður viðskiptasviða eru birtar í samræmi við skýrslur til bankastjóra og bankaráðs sem bera ábyrgð á ráðstöfun fjármuna til starfsþáttanna, sem og mati á rekstrarárangri þeirra.

Fjárhagsuppgjör viðskiptasviða í árshlutareikningnum tekur í fyrsta skipti mið af þeim skipulagsbreytingum sem gerðar voru innan bankans undir lok árs 2020. Samanburðarfjárhæðir fyrir sama tímabil árið áður eru birtar óbreyttar og taka mið af fyrra skipulagi. Samstæðan samanstendur af eftirfarandi fjórum megin viðskiptasviðum í lok reikningsskilatímabilsins:

- **Einstaklingssvið** býður einstaklingum, ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins, upp á alhliða fjármálaþjónustu og fjármálaráðgjöf með aukna áherslu á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslu, bæði í gegnum netbanka og öpp, ásamt því að veita hefðbundna þjónustu í gegnum útibúanet bankans og þjónustuver.
- **Fyrirtækjasvið** býður sveitarfélögum, stofnunum, stærri fyrirtækjum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu, upp á fjármálaþjónustu og fjármálaráðgjöf með aukna áherslu á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslu, eins og fyrirtækjabanka.
- **Eignastýring og miðlun** býður upp á þjónustu er snýr að viðskiptum með verðbréf, gjaldeyri og afleiður, auk víðtækrar þjónustu á sviði eignastýringar. Landsbréf hf., dótturfélag bankans, fellur undir starfsþáttauppgjör Eignastýringar og miðlunar.
- **Fjárstýring og viðskiptavakt** eru einingar innan **Fjármála og reksturs** sem hafa m.a. með höndum fjármögnun bankans, lausafjárstýringu, verðlagningu fjármagns innan bankans og viðskiptavakt með gjaldeyri, skuldabréf og hlutabréf. Fjárstýring stýrir einnig gengis-, vaxta- og verðtryggingaráhættu bankans, innan þeirra marka sem sett eru í áhættuvilja bankans.

Með skipulagsbreytingunum urðu svið bankans eftirfarandi: Einstaklingar, Fyrirtæki, Eignastýring og miðlun, Fjármál og rekstur, Áhættustýring og Upplýsingatækni. Undir aðra starfsþætti falla sviðin Fjármál og rekstur (að undanskildum Fjárstýringu og Viðskiptavakt), Áhættustýring og Upplýsingatækni. Einnig falla þar undir Skrifstofa bankastjóra með Regluvörslu og Lögfræðideild, ásamt Samfélagi, sem skiptist í Mannauð, Markaðsmál- og samskipti og Hagfræðideild. Innri endurskoðun bankans er einnig hluti af öðrum starfsþáttum en hún er sjálfstæð eining og heyrir beint undir bankaráð.

Jöfnunarfærslur samanstanda af jöfnun innbyrðis viðskipta og rekstrarliðum sem ekki er unnt að heimfæra á starfsþætti.

Stjórnunarkostnaði annarra sviða samstæðunnar er deilt niður á viðeigandi starfsþætti á grundvelli undirliggjandi kostnaðarvaka. Kostnaði er deilt út á viðskiptaeiningarnar á markaðsverði. Þjónusta og viðskipti sem stoðdeildirnar veita viðskiptaeiningunum eru gerð upp á einingaverði eða eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða, á grundvelli notkunar eða unninna verka. Tekjuskatti er dreift niður á starfsþætti miðað við gildandi skatthlutfall. Bankaskatti er skipt niður á viðskiptasvið í samræmi við gildandi hlutfall, eða 0,145%.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagslega frammistöðu hvers starfsþáttar, eins og þær upplýsingar sem birtar eru í innanhússkýrslum til stjórnenda um hagnað (tap) starfsþátta fyrir skatta. Í þessum skýrslum eru allir liðir rekstrarreikningsins birtir nettó en ekki brúttó, þar með talið vaxtatekjur og vaxtagjöld. Verðlagning milli starfsþátta er eins og um væri að ræða viðskipti milli óskyldra aðila.

Tekjur af viðskiptum við hvern einstakan ytri viðskiptavin voru innan við 10% af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu frá 1. janúar til 31. mars 2021 og á samsvarandi tímabili 2020.

5. Starfsþættir (framhald)

1. janúar - 31. mars 2021	Einstaklings-svið	Fyrirtækja-svið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskipta-vakt	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	4.017	4.590	113	(77)	(17)	-	**8.626**
Hreinar þjónustutekjur	615	295	1.237	(83)	90	(100)	**2.054**
Hrein virðisbreyting	477	2.012	(1)	1	-	-	**2.489**
Aðrar tekjur og (gjöld)	75	57	100	2.203	159	(4)	**2.590**
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	**5.184**	**6.954**	**1.449**	**2.044**	**232**	**(104)**	**15.759**
Rekstrargjöld samtals	(1.680)	(721)	(520)	(204)	(3.064)	105	**(6.084)**
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(187)	(83)	(3)	(194)	-	-	**(467)**
Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar og skatta	**3.317**	**6.150**	**926**	**1.646**	**(2.832)**	**1**	**9.208**
Úthlutaður kostnaður	(1.109)	(708)	(278)	(229)	2.324	-	**0**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	**2.208**	**5.442**	**648**	**1.417**	**(508)**	**1**	**9.208**
Tekjuskattur	(559)	(1.316)	196	(13)	102	-	**(1.590)**
Hagnaður (tap) tímabilsins	**1.649**	**4.126**	**844**	**1.404**	**(406)**	**1**	**7.618**
Hreinar tekjur (gjöld) vegna ytri viðskipta	7.401	8.718	1.389	(1.874)	229	-	**15.863**
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(2.217)	(1.764)	60	3.918	3	-	**0**
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	**5.184**	**6.954**	**1.449**	**2.044**	**232**	**0**	**15.863**
31. mars 2021							
Eignir samtals	667.563	627.192	14.623	656.722	2.770	(367.918)	**1.600.952**
Skuldir samtals	635.415	505.867	8.246	555.188	2.770	(367.918)	**1.339.568**
Úthlutað eigið fé	32.148	121.325	6.377	101.534	-		**261.384**

1. janúar - 31. mars 2020	Einstaklings-svið	Fyrirtækja-svið	Markaðir	Fjárstýring	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	4.315	4.830	653	(348)	(21)	(2)	**9.427**
Hreinar þjónustutekjur	802	192	998	(109)	120	(58)	**1.945**
Hrein virðisrýrnun fjáreigna	(1.140)	(4.097)	-	(7)	-	-	**(5.244)**
Aðrar tekjur og (gjöld)	(148)	(390)	(744)	(1.422)	(19)	(5)	**(2.728)**
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	**3.829**	**535**	**907**	**(1.886)**	**80**	**(65)**	**3.400**
Rekstrargjöld samtals	(1.631)	(584)	(613)	(466)	(3.042)	62	**(6.274)**
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(138)	(153)	(5)	(150)	(4)	-	**(450)**
Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar og skatta	**2.060**	**(202)**	**289**	**(2.502)**	**(2.966)**	**(3)**	**(3.324)**
Útskiptur kostnaður frá stoðsviðum til starfsþátta	(1.058)	(656)	(360)	(189)	2.263	-	**0**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	**1.002**	**(858)**	**(71)**	**(2.691)**	**(703)**	**(3)**	**(3.324)**
Tekjuskattur	(264)	147	(499)	171	141	-	**(304)**
Hagnaður (tap) tímabilsins	**738**	**(711)**	**(570)**	**(2.520)**	**(562)**	**(3)**	**(3.628)**
Hreinar tekjur vegna ytri viðskipta	4.908	2.026	829	(4.378)	80	-	**3.465**
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(1.079)	(1.491)	78	2.492	-	-	**0**
Rekstrartekjur samtals	**3.829**	**535**	**907**	**(1.886)**	**80**	**0**	**3.465**
31. mars 2020							
Eignir samtals	515.108	646.642	23.230	620.474	13.373	(295.639)	**1.523.188**
Skuldir samtals	480.782	541.916	19.032	519.618	13.373	(295.639)	**1.279.082**
Úthlutað eigið fé	34.326	104.726	4.198	100.856	-		**244.106**

Skýringar við rekstrarreikning

6. Hreinar vaxtatekjur

	1.1-31.3.2021			1.1-31.3.2020		
Vaxtatekjur	**Afskrifað kostnaðar-verð**	**Gangvirði í gegnum rekstrar-reikning**	**Samtals**	**Afskrifað kostnaðar-verð**	**Gangvirði í gegnum rekstrar-reikning**	**Samtals**
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	77	-	77	545	-	545
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	24	-	24	148	-	148
Útlán og kröfur á lánastofnanir	2	-	2	72	-	72
Útlán og kröfur á viðskiptavini	14.060	157	14.217	14.324	189	14.513
Aðrar vaxtatekjur	2	10	12	550	588	1.138
Samtals	**14.165**	**167**	**14.332**	**15.639**	**777**	**16.416**
Vaxtagjöld						
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(148)	-	(148)	(261)	-	(261)
Innlán frá viðskiptavinum	(1.625)	-	(1.625)	(3.029)	-	(3.029)
Lántaka	(3.161)	(100)	(3.261)	(2.493)	(665)	(3.158)
Önnur vaxtagjöld	(25)	(430)	(455)	(22)	(303)	(325)
Víkjandi lántaka	(217)	-	(217)	(216)	-	(216)
Samtals	**(5.176)**	**(530)**	**(5.706)**	**(6.021)**	**(968)**	**(6.989)**
Hreinar vaxtatekjur	**8.989**	**(363)**	**8.626**	**9.618**	**(191)**	**9.427**

